



Lúxemborg, 16. desember 2015

## FRÉTTATILKYNNING 09/2015

**Dómur í máli E-13/15 *Abuelo Insua Juan Bautista* gegn *Liechtensteinische Invalidenversicherung***

### **ÖRORKULÍFEYRISÞEGA ER HEIMILT AÐ VEFENGJA NIÐURSTÖÐUR STOFNUNAR Á DVALAR- EÐA BÚSETUSTAÐ**

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar frá áfrýjunardómstóli í Liechtenstein (*Fürstliches Obergericht*) varðandi túlkun á 2. mgr. 87. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa („reglugerðin“).

Stefnandi, Abuelo Insua Juan Bautista, er spænskur ríkisborgari og fær greiddan örorkulífeyri frá Tryggingasjóði Liechtenstein (*Liechtensteinische Invalidenversicherung*) („sjóðurinn“). Árið 2013 framkvæmdi almannatryggingastofnun á Spáni lækniþess á stefnanda að beiðni sjóðsins. Læknirinn sem framkvæmdi skoðunina komst að þeirri niðurstöðu að stefnandi væri fær um að sinna aðlöguðum störfum í fullu starfshlutfalli. Á þeim grundvelli afturkallaði sjóðurinn réttindi stefnanda til örorkulífeyris. Stefnandi skaut þeirri niðurstöðu til áfrýjunardómstóls í Liechtenstein sem leitaði ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um hvort bindandi áhrif lækniþess á niðurstöðna stofnunar á dvalar- eða búsetustað gagnvart greiðslustofnun, sem kveðið væri á um í 2. mgr. 87. gr. reglugerðarinnar, girtu fyrir rétt lífeyrisþega til þess að vefengja slíkar niðurstöður við stjórnsýslumeðferð fyrir greiðslustofnuninni.

Dómstóllinn tók fram að samkvæmt 2. mgr. 87. gr. væru niðurstöður lækniþess mats stofnunar á dvalar- eða búsetustað, sem framkvæmt væri að beiðni greiðslustofnunar, bindandi gagnvart greiðslustofnuninni. Þau bindandi áhrif tækju til lækniþess en ekki þess lögfræðilega mats sem greiðslustofnun þyrfti að framkvæma að landsrétti við úrlausn þess hvort einstaklingur ætti rétt til örorkulífeyris.

Dómstóllinn benti á að markmið bindandi eðlis lækniþess væri að styðja við rétt til frjálsrar farar hjá þeim sem þæðu greiðslur úr almannatryggingakerfum. Þá væri ekkert í orðalagi 87. gr. reglugerðarinnar kæmi í veg fyrir að lífeyrisþegi gæti vefengt niðurstöður stofnunar á dvalar- eða búsetustað.

Dómstóllinn taldi enn fremur að ef lífeyrisþegar, sem hefðu dvalar- eða búsetustað í Liechtenstein, gætu að landsrétti vefengt niðurstöður sjóðsins, þar á meðal niðurstöður lækniþess, líkt og haldið hefði verið fram fyrir EFTA-dómstólnum, leiddi það af jafnræðisreglunni að lífeyrisþegar sem hefðu dvalar- eða búsetustað í öðru EES-ríki yrðu einnig að njóta réttar til þess að vefengja niðurstöður stofnunar á dvalar- eða búsetustað.

Var niðurstöða dómstólsins sú að 2. mgr. 87. gr. reglugerðarinnar stæði því ekki í vegi að lífeyrisþegi gæti vefengt niðurstöður stofnunar á dvalar- eða búsetustað við stjórnsýslumeðferð fyrir greiðslustofnuninni.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: [www.eftacourt.int](http://www.eftacourt.int).

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.